

Nr. 003 / 16 Fróði II ÁR 38***Fékk veiðarfærin í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2773
Útgerð: Rammi ehf
Smíðaður: Skotlandi 1998, stál
Stærð: brl. 356,2 bt.
Mesta lengd: 27,56 m Skráð lengd: 23,98 m
Breidd: 8,52 m Dýpt: 4,9 m
Vél: Caterpillar 681 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 7



Fróði II © Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. janúar var Fróði II ÁR 38 á togveiðum um 8 sml vestur af Eldey. Veður: A 20 -24 m/sek og 1,5 til 3,7 m ölduhæð.

Skipstjórinn hafði samband við Vaktstöð siglinga (VSS) og tilkynnti að skipið hefði fengið veiðarfærin í skrúfuna og væri vélavana. VSS hafði samband við Brynjólf ÁR sem tók Fróða II í tog áleiðis til hafnar. Eftir að togvírinn hafði slitnað í tvígang og veður versnað var ákveðið að varðskipið Þór færi á staðinn og dró hann skipið til Hafnarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að trollpokinn var tekinn inn á síðuna og losað úr honum fyrir framan brú. Skrúfan var frá kúpluð þegar trollið var tekið og losað úr pokanum. Trollið lá óklárt fyrir aftan skipið þegar skrúfunni var kúplað inn aftur;
- að skipverjar voru nýbyrjaðir á fiskitrolli.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.